

Fjármála- og efnahagsráðuneytið

M i n n i s b l a ð

Viðtakandi: Fjárlaganefnd Alþingis
Sendandi: Fjármála- og efnahagsráðuneyti
Dagsetning: 10. nóvember 2023
Málsnúmer: FJR23010092
Bréfalykill: 3.1

Efni: Svar við fyrirspurn fjárlaganefndar frá 20. september 2023 (spurning 2)

Vísað er til tölvupósts frá ritara fjárlaganefndar Alþingis þann 21. september sl. þar sem óskað er eftir því að fjármála- og efnahagsráðuneytið taki saman svör við ýmsum atriðum er varða frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2024. Meðfylgjandi er svar fjármála- og efnahagsráðuneytisins við spurningu 2 sem er í nokkrum liðum.

2. Óskað er eftir yfirliti sem sýnir þróun í innheimtu erfðafjárskatts sl. 10 ár.

a. Hver hefur árlegur stofn til erfðafjárskatts verið sl. 10 ár?

Erfingjar þurfa að greiða erfðafjárskatt af öllum fjárverðmætum sem koma í þeirra hlut við skipti dánarbús. Erfðafjárskattur hefur verið 10% frá því árið 2011 þó var sett skattfrelsmark af fyrstu 1,5 m.kr. árið 2011. Sú fjárhæð var hækkuð í 5 m.kr. árið 2021 og jafnframt skyldu mörkin taka breytingum í hlutfalli við breytingu á vísitölu neysluverðs. Skattfrelsmarkið er 5.757.759 kr. árið 2023. Einnig er hægt að greiða arf fyrirfram og gildir sama skatthlutfall þar en þó eru engin skattfrelismörk við slíka ráðstöfun.

Tölfræði um erfðafjárskatt eru tiltækar en ekki er haldið sérstaklega utan um stofn til erfðafjárskatts. Ef reiknaður erfðafjárskattur er undir skattfrelismörkum kemur ekki til greiðslu neins erfðafjárskatts af því búi og er þá ekki haldið utan um slík gögn með kerfislægum hætti. Hægt er að reikna út stofn til erfðafjárskatts þeirra dánarbúa sem greiddu skatt út frá skattfrelismörkum og skattprósentu erfðafjárskatts. Í tilfelli fyrirframgreidds erfðafjárskatts er þá hægt að fá nákvæma tölu en í tilfelli dánarbúa má gera ráð fyrir að um vanmat sé að ræða.

ma.kr.	2013	2014	2015	2016	2017	2018	2019	2020	2021	2022
Stofn - dánarbú	17,1	18,2	20,0	25,1	28,6	33,5	27,8	42,8	48,8	73,7
Stofn - fyrirfram greitt	7,3	6,9	9,2	12,1	14,1	13,5	18,9	47,7	35,2	47,9
Stofn - Alls	24,4	25,1	29,2	37,2	42,7	47,0	46,7	90,6	83,9	121,5

b. Hvernig skýrir ráðuneytið hækkun í innheimtu skattsins út frá upplýsingum úr skattframtölum eða öðrum upplýsingum sem ráðuneytið telur að skýri hærrí tekjur af erfðafjárskatti.

i. Arflátar eru efnameiri? Eru til greiningar á stöðu þeirra?

Sjá lið iv, hvað varðar hækkun á fasteignamatí.

ii. Arflátar aðstoða niðja sína fjárhagslega

Gera má ráð fyrir því að algeng ástæða fyrirframgreiðslu arfs sé sú ætlun arfláta að aðstoða niðja sína fjárhagslega. Ýmsar skýringar geta verið á því að arflátar aðstoði niðja sína fjárhagslega með þessum hætti í meira mæli undanfarin ár heldur en árin áður. Tölur sýna að hlutdeild fyrirframgreidds erfðafjárskatt af álögðum erfðafjárskatti í heild hefur hækkað undanfarin ár. Það hlutfall hefur farið vaxandi á síðustu árum úr 31% að jafnaði á árunum 2012-2018 upp í 40-50% undanfarin þrjú ár og 66% á fyrri helmingi árs 2023 (sjá súlurit).

iii. Kynslóðabreyting?

Töluverð breyting hefur verið á erfðafjárskatti yfir tíma. Eflaust skýrist sú breyting að hluta af þáttum sem breyst hafa á milli kynslóða s.s. eignaverði, hækkanði lífslíkum og lagalegum breytingum.

iv. Breyting á hegðun á markaði?

Fasteignaverð hefur hækkað mikið undanfarin ár. Það veldur því að (i) skattstofn dánarbús hækkar, enda fasteignir þær eignir sem hafa mest áhrif á þann stofn, og að (ii) ungu fólki reynist erfiðara að festa kaup á eigin fasteign. Kjósa sumir þá eflaust að rétta afkomendum sínum hjálparhönd í formi fyrirframgreidds arfs.

v. Aðrar skýringar eða mat ráðuneytisins


Ráðuneytið hefur ekki tiltækar aðrar skýringar á hækkun á innheimtum erfðafjárskatti en þær sem koma fram í svörum við liðum i. til iv. hér að ofan.

c. Hvaða áhrif hafa lagabreytingar og eftir atvikum aðrar breytingar haft á skattstofninn og innheimtu skattsins?

Sjá svar við lið a.


d. Hver hefur þróunin í fyrir fram innheimtu erfðafjárskatts verið á tímabilinu,

i. Í fjárhæðum



fyrirframgreiðslu arfs sem hefur ekki gengið til baka heldur þvert á móti virðast fyrirframgreiðslur enn aukast á árinu 2023. Greiðslur á fyrri helmingi ársins 2023 eru þegar orðnar meiri en heildargreiðslur fyrri ára. Fyrirframgreiddur arfur er jafnan meiri undir lok árs heldur en á fyrri hluta árs. Því má búast við töluverðri aukningu fyrirframgreiðslu arfs á árinu 2023.

ii. Sem hlutfall af innheimtum erfðafjárskatti



Hlutdeild fyrirframgreiðslna af erfðafjárskatti var nokkuð stöðug árum saman en tók stökk árið 2019. Sú hækkun virðist vera að festast í sessi og jafnvel fara enn vaxandi.

iii. Er hægt að greina heildarfjárhæð annars vegar fyrirfram innheimts erfðafjárskatts og hins vegar erfðafjárskatts eftir tíundum eignarskattsstofns arfláta eða með öðrum upplýsandi hætti?

Á gröfunum að neðan má sjá skiptingu erfðafjárskatts í tíundir miðað við hreina eign arfláta á árinu 2022 í milljónum króna.

